

## REGLUR

### um stöðureiti og gjalddöku við Seljalandsfoss.

Með vísan til 2. og 3. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 41/2017, skulu eftirfarandi reglur gilda um stöðureiti og gjalddöku við Seljalandsfoss í Rangárþingi eystra:

1. Heimilt er að leggja bifreiðum á afmörkuðum stöðureitum við Seljalandsfoss.
2. Gjaldskrá fyrir bifreiðastöður er sem hér segir:

Einkabíll og jeppar	kr.	700
Jeppar - hópferða að 8 farþegum	kr.	900
Hópferðabifreiðar að 19 farþegum	kr.	1.500
Hópferðabifreiðar 20 farþegar o.fl.	kr.	3.000

Gjaldið veitir heimild til að leggja bifreið daginn sem greitt er.

3. Seljalandsfoss ehf. og sveitarstjórn annast innheimtu stöðugjalda og skal þeim varið til að standa straum af byggingarkostnaði, viðhaldi og rekstri stöðureita, þ.m.t. launum varða og kostnaði við uppbyggingu, viðhald og rekstur þjónustu sem veitt er í tengslum við notkun stöðureita, svo sem salernisaðstöðu og gerð og viðhaldi göngustíga og tenginga við önnur samgöngumannvirki.

*Hvolsvelli, 13. júlí 2017.*

**Ísólfur Gylfi Pálmason** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 25. júlí 2017